



ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan er spennandi ungmennabók sem byggir á þjóðsagnaarfi Íslendinga.



Amma heldur því fram að álfar séu til og segir barnabörnunum sögur úr álfheimum. Svandís trúir ekki á álfa en þegar dularfull skilaboð berast henni er hún ekki lengur viss í sinni sök. Hvað ef álfheimar eru til og leynast jafnvel í klettunum fyrir ofan bæinn?

Svandís er fjórtán ára stelpa sem flytur úr borginni norður í land. Þar eignast hún vinina Brján og Sylvíu en saknar vinkonu sinnar Láru og getur ekki beðið eftir að hún komi í heimsókn í jólafríinu. Í kringum Svandísi er margt einkennilegt á kreiki. Köttur með rauð augu, dularfullir hestar og fólk sem ef til vill er annað en það sýnist vera. Hún flækist inn í baráttu góðs og ills, kynnist ástinni og þarf ásamt vinum sínum að glíma við ógurlegar kynjaskepnur.

Ógn, ráðgátan um Dísar-Svan, er æsispennandi ævintýrasaga sem höfðar til ungmenna á öllum aldri. Sagan byggir á þjóðsagnaarfi Íslendinga og tengir saman tvo heima, raunheima sem við þekkjum öll og hulduheima sem færri þekkja.

Söguvið bókarinnar er undir Hraundranga í Öxnadal.

Skemmtileg gönguleið er upp að Hraunsvatni og tilvalið er fyrir fjölskyldur

eða skólahópa að fara upp að vatni og upplifa umhverfi ævintýrisins.

Hægt er að ganga frá bænum Hálsi og er stikuð leið upp að vatninu.

Gangan tekur um u.þ.b. 50 mínútur hvora leið.

